



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. janúar 2008

Efni: Umsögn um stjórnarþingsályktunartillögu um náttúruverndaráætlun 2009-2013, 192. mál.

Frá því náttúruverndaráætlun 2004 – 2008 var samþykkt á Alþingi hafa orðið ýmsar breytingar í lagaumhverfinu sem erfitt er að sjá að tekið hafi verið tillit til við gerð þessarar þingsályktunartillögu. Nú eru í gildi lög um umhverfismat áætlana sem kveða á um að áætlanir skuli fara í gegnum ákveðið ferli þar sem m.a. er lögð fram matsskýrsla og þegar lagt er mat á áhrif áætlunar á að fjalla um hversu nákvæm skilyrði áætlunin setur þeim áætlunum sem á eftir koma og hversu nákvæm skilyrði áætlunin setur ákveðnum framkvæmdum. Í lögnum sem eru nr. 105/2006 er gert ráð að undir þau falli meðal annars skipulagsáætlanir sem gera grein fyrir markmiðum viðkomandi stjórnvalda og ákvörðunum um framtíðarnotkun lands, hvers konar framkvæmdum stefnt er að og hvernig þær falla að landnotkun á tilteknu svæði og lýsir forsendum þeirra ákvarðana. Augljóst virðist að náttúruverndaráætlun geti verið þess konar áætlun sem þarna er átt við.

Nú er einnig unnið að rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrsvæða samkvæmt stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar en þar stendur m.a. til „að skapa sátt um vernd og nýtingu náttúrusvæða er mikilvægt að ljúka rannsóknum á verndargildi þeirra og gildi annarrar nýtingar. Sérstök áhersla verði lögð á að meta verndargildi háhitasvæða landsins og flokka þau með tilliti til verndar og orkunýtingar. Stefnt verður að því að ljúka vinnu við rammaáætlun fyrir lok árs 2009 og leggja niðurstöðuna fyrir Alþingi til formlegrar afgreiðslu“. Augljóst virðist að sú áætlun muni tengjast náttúruverndaráætlun og að rammaáætlunin falli undir lög 105/2006. Spurningin vaknar því hvort sú tillaga sem hér er til umfjöllunar taki að hluta til þeirra sömu svæða og ætlunin er að fjalla um í rammaáætlun en það hlýtur að vera óheppilegt.

Í lögum um náttúruvernd eru ákvæði um að gefa skuli út heildstæða náttúruminjaskrá og birta í Stjórnartíðindum eigi sjaldnar en á fimm ára fresti. Nú virðist þessu þannig háttað að á vef Umhverfisstofnunar er að finna lista og lýsingu á náttúruminum. Engin leið er að gera sér á auðveldan hátt heildarmynd af þeim svæðum sem njóta verndar og þeim markmiðum sem þegar hefur verið náð. Ekki er heldur af náttúruverndaráætlun unnt að átta sig á því hverju þær tillögur skila til viðbótarfriðunar þ.e. hve stór hluti af tilteknum náttúruminum, vistgerðum o.s.v. frv. njóti þegar friðunar og hvaða ávinningi viðbótarfriðun skilar. Í tillögunni kemur fram að þegar hafi 20% landsins verið friðað en ekki kemur fram hve stórt svæði verði friðað til viðbótar þegar þessi tillaga og fyrri náttúruverndaráætlun verða að fullu komnar til framkvæmda. Slíkum spurningum yrði auðvitað að svara ef unnið yrði umhverfismat um náttúruverndaráætlun.

Í tillögunni koma fram þær ógnir sem talið er að steðji að einstökum svæðum. Þar er m.a. fjallað um frístundabyggð og virkjanir. Þegar verið er að leggja til friðlýsingu svæða vegna tiltekinna ógna virðist eðlilegt að eitthvert mat sé lagt á ógnirnar og hvaða fjárhagslegar og aðrar afleiðingar friðlýsing hefur m.a. fyrir sjálfbæra þróun svæða .

Virðingarfyllst,